LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Matvælaráðuneytið

Guðmundur Jóhannesson
sérfræðingur á sjávarútvegsskrifstofu

6. apríl 2022

Efni: Fjöldi veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2022

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur fjallað um erindi matvælaráðuneytisins dagsett 4. apríl sl. Í því leitar ráðuneytið eftir áliti LS á því, hvort ástæða sé til að breyta leyfilegum dagafjölda frá því sem fram kemur í reglugerð um hrognkelsaveiðar árið 2022, að leyfi hvers báts skuli vera 25 samfelldir dagar.

Niðurstaða fundar grásleppunefndar LS sem haldinn var 5. apríl er að ákvæði reglugerðar um fjölda daga skuli verða óbreytt.


Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu veiðanna að loknum 16 dögum á yfirstandandi vertíð borið saman við jafnmarga daga á vertíðinni 2021.

	2022	**2021**
Afli	420 Tonn	295 Tonn
Á veiðum	59 bátar	49 bátar
Fjöldi landana	258 landanir	141 landanir
Afli pr. umvitjun	1.626 Kg	2.090 Kg
Afli pr. leyfisdag	811 Kg	790 Kg
Milli umvitjana	2,00 Dagar	2,65 Dagar
Mestur afli	30,5 Tonn	24,4 Tonn

Þrátt fyrir lítinn áhuga kaupenda m.a. vegna uppsafnaðra birgða frá síðasta ári, lágt verð og að nokkur fjöldi grásleppusjómanna hafi ekki sölu á aflanum hefur bátum fjölgað um fimmtung milli ára.

Aflabrögð nú eru mun betri en búast mátti við þegar tekið er tillit niðurstaðna úr mælingu úr vorralli Hafrannsóknastofnunar og útreikninga á lífmassavísitölu. Hún mælist nú aðeins helmingur þess sem hún var úr sambærilegri rannsókn árið 2021. Engar skýringar eru á svo mikilli sveiflu milli ára, en hún er ekki óþekkt. Búast hefði mátt við enn meira falli ef ekki hefðu verið skilin eftir 1.600 tonn af leyfilegum heildarafla í fyrra.

Grafið sýnir árlega lífmassavísitölu grásleppu úr stofnmælingum Hafrannsóknastofnunar í mars.



Að teknu tilliti til þessara niðurstaðna þykir grásleppunefnd LS ástæða til að fara varlega.

Jafnframt komu fram áhyggjur nefndarmanna vegna viðstöðulausra flottrollsveiða á loðnu frá 1. desember til 15. febrúar. Veiðarnar gætu hafa haft áhrif á viðkoma grásleppuseiða.

Við ákvörðun um dagafjölda á vertíðinni var samþykkt aðalfundar LS 2021 um grásleppu höfð að leiðarljósi.

- Að stjórn veiða á grásleppu taki mið af leyfilegum heildarafla.
- Að öllum sem stunda grásleppuveiðar verið tryggðir jafn margir veiðidagar.
- Heimilt verði að draga upp net í brælutíð án þess að veiðidagar telji á meðan.


Grásleppunefnd LS telur að með ákvörðun um að ekki komi til fjölgunar daga sé tryggt að allir sem stunda grásleppuveiðar 2022 verði tryggðir jafn margir veiðidagar.

Grásleppunefnd LS leggur áherslu á að ákvörðun sem tekin verður af matvælaráðuneytinu um fjölda veiðidaga verði látin gilda óbreytt út vertíðina.


Virðingarfyllst

Grásleppunefnd LS:
Hafþór Jónsson Patreksfirði
Kári Borgar Ásgrímsson Borgarfirði Eystra
Ríkharð Lúðvíksson Ólafsfirði.
Örn Pálsson
Arthur Bogason

Virðingarfyllst



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri